

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/192****2019/EES/6/04****frá 8. febrúar 2018****um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar tilvísunarrannsóknarstofur ESB á sviði aðskotaefna í fódri og matvælum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fódur og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt <sup>(1)</sup>, einkum 5. og 6. mgr. 32. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er mælt fyrir um almenn verkefni og kröfur sem varða tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins (hér á eftir nefndar tilvísunarrannsóknarstofur ESB) fyrir matvæli og fódur og fyrir heilbrigði dýra. Í samræmi við þá reglugerð bera tilvísunarrannsóknarstofur ESB einkum ábyrgð á að útvega landsbundnum tilvísunarrannsóknarstofum upplýsingar varðandi greiningaraðferðir og á samræmdri notkun slíkra aðferða. Tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir matvæli og fódur eru tilgreindar í I. hluta VII. viðauka við þá reglugerð. Á sviði aðskotaefna í fódri og matvælum hafa verið tilnefndar tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á þungmálum í fódri og matvælum, tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á sveppaeitri, tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum og tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á díoxínunum og PCB-efnum í fódri og matvælum.
- 2) Sameiginleg rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem hefur frá árinu 2006 hýst tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á þungmálum í fódri og matvælum, tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum og tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á sveppaeitri í fódri og matvælum, hefur upplýst stjórnarsvið fyrir heilbrigði og matvælaöryggi að hún muni, frá og með 1. janúar 2018, ekki lengur hýsa þessar þrjár tilvísunarrannsóknarstofur ESB.
- 3) Á þessum sviðum er skilvirkni opinbers eftirlits og annarrar eftirlitsstarfsemi háð gæðum, samræmi og áreiðanleika greiningaraðferða opinberra rannsóknarstofa og niðurstaðna úr greiningu og áfram er þörf á að stuðla að samræmdum starfsháttum við notkun greiningaraðferða. Nauðsynlegt er að viðhalda tilvísunarrannsóknarstofu ESB á þessum sviðum og þar af leiðandi nauðsynlegt að tilnefna nýjar tilvísunarrannsóknarstofur ESB. Auk þess er nauðsynlegt að rýmka gildissvið starfsemi og verkefna þessara nýju tilvísunarrannsóknarstofa ESB, sem verða tilnefndar, þar eð ný forgangsörðun var ákvörðuð á sviði málma, köfnunarefnissambanda, aðskotaefna úr vinnslu og plöntueiturs.
- 4) Rýmka ætti því gildissvið starfsemi og verkefna núverandi tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á þungmálum í fódri og matvælum svo það nái yfir alla málma og köfnunarefnissambönd í fódri og matvælum, núverandi tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum svo það nái yfir öll aðskotaefni úr vinnslu og núverandi tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á sveppaeitri í fódri og matvælum svo það nái yfir sveppaeitur og plöntueitur í fódri og matvælum.
- 5) Af þessum sökum auglýsti framkvæmdastjórnin 23. janúar 2017 eftir umsóknum til að velja og tilnefna tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir framangreind svið. Tilnefna ætti völdu rannsóknarstofuna Fødevareinstituttet, Danmarks Tekniske Universitet (Danmörk) sem tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á málum og köfnunarefnissamböndum í fódri og matvælum, rannsóknarstofuna Fødevareinstituttet, Danmarks Tekniske Universitet (Danmörk) sem tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á aðskotaefnum úr vinnslu og rannsóknarstofuna RIKILT (Stichting Wageningen Research) (Hollandi) sem tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á sveppaeitri og plöntueitri í fódri og matvælum.
- 6) Þar eð klóruð þrávirk aðskotaefni önnur en PCB-efni og díoxín, brómuð þrávirk aðskotaefni og flúoruð þrávirk aðskotaefni verða sífellt mikilvægari fyrir öryggi fódurs og matvæla er einnig viðeigandi að rýmka gildissvið

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 36, 9.2.2018, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á díoxínum og PCB-efnum í fóðri og matvælum svo það nái yfir öll halógenuð þrávirk, lífræn mengunarefni í fóðri og matvælum. Því ætti að breyta heiti tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á díoxínum og PCB-efnum í fóðri og matvælum í tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á halógenuðum þrávirkum, lífrænum mengunarefnum í fóðri og matvælum til að endurspeglar þessa rýmkun á gildissviðinu.

- 7) Því ætti að breyta I. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 882/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

Í stað 18.–21. liðar í I. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 komi eftirfarandi:

„18. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á málmum og köfnunarefnissamböndum í fóðri og matvælum

Fødevareinstituttet, Danmarks Tekniske Universitet

Kaupmannahöfn

Danmörk

19. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á sveppaeitri og plöntueitri í fóðri og matvælum

RIKILT (Stichting Wageningen Research)

Wageningen

Holland

20. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á aðskotaefnum úr vinnslu

Fødevareinstituttet, Danmarks Tekniske Universitet

Kaupmannahöfn

Danmörk

21. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á halógenuðum þrávirkum, lífrænum mengunarefnum í fóðri og matvælum

Chemisches und Veterinäruntersuchungsamt (CVUA) Freiburg

Freiburg

Þýskaland“

---